

Reglur um úthlutun Ungmenna-og íþróttasambands Fjallabyggðar (UÍF) á frístundastyrk Fjallabyggðar.

1. gr.

Reglur þessar gilda um úthlutun styrks Fjallabyggðar til frístundamála, frístundastyrks. Heildarfjárhæð styrksins ræðst af framlagi Fjallabyggðar og UÍF hverju sinni. Tilgangur reglna um frístundastyrk er að gera aðildarfélögum kleift að byggja upp, viðhalda og bæta öflugt íþróttastarf þeirra.

2. gr.

Þau aðildarfélög UÍF sem mætt hafa á ársþing UÍF árið á undan og skilað starfsskýrslum til UÍF geta sótt um styrki.

3. gr.

Umsóknir um Frístundastyrk þurfa að berast fyrir 31. janúar ár hvert. Styrkur til hvers félags er að hámarki 350.000 kr. og getur hvert félag sótt um styrk vegna þriggja verkefna.

Af heildarupphæð styrks renna 5% til umsýslu og reksturs UÍF.

4. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðu eyðublaði. Í umsókn skulu aðildarfélög gera grein fyrir verkefnum sem sótt er um svo og áætluðum tekjum, kostnaði og fjármögnun að öðru leyti. Aðildarfélög sem hlotið hafa styrk ber að leggja fram gögn í síðasta lagi 30. desember um útlagðan kostnað áður en til greiðslu styrks kemur. Styrkur verður greiddur út í kjölfarið eða í síðasta lagi 31. desember.

5. gr.

- a) Styrkhæf eru kaup á búnaði sem nýtist félagi til íþróttæfinga og/eða mótahalds.
- b) Styrkhæf eru verkefni vegna íþróttastöðu, annarra en fasteigna, sem aðildarfélög notast við.

6. gr.

Frístundastyrkur tekur ekki til frítíma í íþróttahúsum, æfinga-og keppnisferða, fasteignagjalda, reksturs mannvirkja eða fastan kostnað félags. Verkefni er aðeins styrkhæft annað hvert ár.

7. gr.

Fari upphæð samþykktar umsókna yfir heildarstyrkfjárhæð verður styrkur greiddur til umsækjenda í jöfnum hlutföllum. Verði allri styrkupphæðinni ekki úthlutað rennur fjárhæðin til úthlutunar árið eftir. Úthlutanir verða birtar á árþingi UÍF.

Samþykkt á ársþingi UÍF 4. júní 2020, sbr. samþykktar breytingar á ársþingi 3. júní 2021.
Samþykkt á ársþingi UÍF 31. maí 2023.